



# Hvaða hindrunum mætir ungt fólk sem er utan vinnu og skóla?

**Guðný Björk Eydal, félagsráðgjafi MA, PhD,**  
prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

**Björk Vilhelmsdóttir, félagsráðgjafi MA,**  
sérfræðingur hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði



Guðný Björk Eydal



Björk Vilhelmsdóttir

## Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvað hindrar ungt fólk sem hvorki hefur verið í vinnu né skóla í að taka þátt í námi, virkniúrræðum eða stunda vinnu. Fyrri rannsókn annars höfundar, Bjarkar Vilhelmsdóttur, sýndi að þó að ungir viðmælendur hefðu áhuga á að breyta stöðu sinni þá voru úrræði um leið vannýtt. Rannsóknin vakti því spurningar um það hvað hindrar þátttöku þeirra og hvort yngri fólk fær þjónustu, úrræði og stuðning við hæfi. Tekin voru fjórtán viðtöl alls, níu við einstaklinga á aldrinum 19–25 ára sem voru skráðir langtímatvinnulausir á Vinnumálastofnun og/eða í úrræði á vegum VIRK fyrir ungt óvirkt fólk, og fimm við ráðgjafa sem vinna með einstaklingum í þessari stöðu. Niðurstöður sýna að margvíslegar hindranir eru fyrir þátttöku unga fólksins. Ráðgjafarnir töluðu mest um félags- og fjárhagslegar hindranir og að störf og stuðningur við hæfi væri ekki fyrir hendi. Ungu fólkið lagði áherslu á persónulegar hindranir, einkum geðraskanir, en nefndi einnig fjárhagslegar hindranir. Niðurstöðurnar eru ábending til félagsráðgjafa um mikilvægi þess að beita styrkleikanálgunum og valdeflingu til að mæta þörfum þessa hóps og þróa úrræði í samráði við notendur.

**Lykilorð:** ungt fólk, hindranir, valdefling, félagsráðgjöf.

## Abstract

The aim of the study was to examine what hinders young people not in education, employment or training (NEET) from labour market participation, education and activation. The author's previous research indicated that young people were interested in becoming active but at the same time educational and activation measures were not fully utilized. These results called for further investigation on what hindered the participation of the young people and if the avail

services, measures and support was in accordance with their needs. Fourteen semi structured interviews were conducted, nine with young people aged 19-25 years that were registered as long term unemployed, or in activation programs at VIRK for young NEET clients, and five with social workers and career and guidance counsellors. The results provide insights into the various barriers facing these clients. The counsellors and the social workers mostly discussed the social hindrances and lack of employment and support in accordance with needs. The young people discussed financial hindrances and personal hindrances, mainly mental disorders. The results show the need for social work applying strength approach and empowerment in order to meet better the needs of the young people and develop new measures applying user involvement.

**Keywords:** NEET, barriers, empowerment, social work.

## Inngangur

Ungu fólk, sem er hvorki í námi né vinnu, fjölga um alla Evrópu og stór hópur ungs fólks á Íslandi er í þessum sporum. Í enskumælandi löndum er þessi hópur kallaður NEET-hópurinn (e. not in education, employment or training) og hann hefur á liðnum áratug hlotið aukna athygli rannsóknasamfélagsins. Rannsóknir sýna að langvarandi vanvirkni hefur alvarlegar afleiðingar fyrir ungt fólk sem oft glímur við félagslega og fjárhagslega fátækt auk annarra vandkvæða. Því er talið mjög mikilvægt að veita ungu fólki í þessari stöðu sveigjanlegan og einstaklingsbundinn stuðning til þess að lágmarka þann tíma sem það er utan vinnu og skóla (Halvorsen, Hansen og Tägtström, 2013; Guðný Björk Eydal og Klara Valgerður Brynjólfssdóttir, 2015; Norden, 2016a, 2016b; Olafsson og Wadensjö, 2012; Scarpetta og Sonnet, 2012).



Í MA-rannsókn Bjarkar Vilhelmsdóttur (2017) var fjallað um það hvernig ungt lesblint fólk, sem var utan vinnu og skóla, mat þau úrræði sem því stóðu til boða. Rannsóknin leiddi í ljós að þau úrræði sem var ætlað að mæta þörfum lesblindra ungmenna voru vannýtt, þrátt fyrir áhuga ungmennanna á að bæta stöðu sína. Þetta kom á óvart og því vaknaði áhugi á að kanna frekar hvað það er sem hindrar ungt fólk í að sækja vinnu, stunda nám eða nýta sér virkniúrræði. Því var ákveðið að gera viðtalsrannsókn<sup>1</sup> sem hefði það að markmiði að öðlast innsýn í hugmyndir ungs fólks og ráðgjafa þeirra um það hvað helst hindraði þátttöku unga fólksins. Leitað var svara við eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hvað telja viðmælendur að hindri ungt fólk utan vinnu og skóla við að nýta sér vinnu, nám og virkniúrræði?
2. Telja viðmælendur að ungt fólk utan vinnu og skóla fái þá þjónustu og þann stuðning sem er við hæfi hverju sinni?

#### Aðstæður ungs fólks utan skóla og vinnumarkaðar

Um 4.100 einstaklingar, eða 6,2% af aldurshópnum 16–29 ára á Íslandi árið 2015, tilheyrðu NEET-hópnum sem hvorki er í námi né vinnu (OECD, 2016). Í hópnum var jafnt hlutfall karla og kvenna. Rúmlega helmingur hópsins hafði einungis lokið grunnskólamenntun og skráðar tekjur voru atvinnuleysisbætur, fjárhagsaðstoð og/eða örorku- eða endurhæfingarlífeyrir, en hluti hópsins hafði ekki skráðar fastar tekjur (Björk Vilhelmsdóttir, 2017). Samkvæmt norrænum og evrópskum rannsóknum er staða ungmenna sem eru hvorki í vinnu né skóla talsvert slakari en almennt gerist og flest þeirra búa við mjög takmörkuð fjárráð (Norden, 2016a; Scarpetta og Sonnet, 2012). Félagsleg staða þeirra hefur neikvæð áhrif á heilsufar, sérstaklega með tilliti til geðrænna sjúkdóma (Halvorsen o.fl., 2013; Olafson og Wadensjö, 2012). Samkvæmt OECD (2016) á þessi hópur á hættu að verða félagslega einangraður, að verða með tekjur undir fátæktarmörkum og skorta færni til að bæta fjárhagsstöðu sína.

Fyrsta sýnilega skrefið í átt að félagslegri einangrun ungs fólks er brotthvarf úr framhaldsnámi. Það leiðir til menntunarskorts sem aftur leiðir til frekari hindrana á vinnumarkaði (Albæk o.fl., 2015). Brotthvarf úr framhaldsskóla héraendis er með því mesta sem þekkist í vestrænum löndum að mati OECD (Hagstofa Íslands,

2014). Rannsóknir Sigrúnar Harðardóttur (2015) sýna að margvíslegar ástæður eru fyrir brotthvarfi úr námi en íslenskir fræðimenn hafa bent á að brotthvarf verður mest meðal þeirra sem standa verr hvað varðar líðan og námsgetu. Sigrún bendir einnig á að úrræði til að mæta áhugaleysi, vanlíðan og námserfiðleikum hjá ungu fólki séu hagkvæmari fyrir samfélagið en brotthvarf nemenda, þar sem brotthvarfsnemendur eiga á hættu að verða háðir þjónustu velferðarkerfisins. MA-rannsókn Klöru Valgerðar Brynjólfssdóttur félagsráðgjafa sýndi að ungt fólk, 18–24 ára, sem hafði fengið fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg í sex mánuði eða lengur árið 2008 tilheyrði nær undantekningarlaust NEET-hópnum (Guðný Björk Eydal og Klara Valgerður Brynjólfssdóttir, 2015). Scarpetta og Sonnet (2012) benda á það hvernig ungt fólk í NEET-hópnum einangrast félagslega og býr við fjárhagslega og félagslega fátækt sem leiðir til verri heilsu en almennt gerist. Halvorsen o.fl. (2013) og Olsen og Tägtström (2013), sem rannsakað hafa NEET-hópinn á Norðurlöndunum, beina sjónum að vítahring vanvirkni sem eykur á erfiðleika hópsins til lengri tíma lítið. Þau fullyrða að til mikils sé að vinna að vítahringur vanvirkinnar sé rofinn. Það er til hagsbóta fyrir viðkomandi einstakling, fjölskyldu og nærumhverfi, sem og samfélagið allt, enda er fjárhagslegur ávinningur endurhæfingar óumdeildur (Norden, 2016b, 2016c).

Það blasir við að hagkvæmt sé að mæta þörfum ungs fólks í skólakerfinu með markvissari hætti. Þannig mætti draga mjög úr þörf á endurhæfingu, en það er í takt við niðurstöður rannsóknar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands (2016) meðal ungs fólks sem fær örorku- eða endurhæfingarlífeyri. Flestir viðmælendur í þeirri rannsókn hefðu viljað fá stuðning fyrir, til dæmis frá skóla eða fagaðilum, og „viðmælendur voru einróma um að brúa þurfi bilið milli endurhæfingar og náms eða vinnu“ (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2016, bls. 136). Rannsókn Elínar Sifjar Welding Hákonardóttur, Sifjar Einarsdóttur, Arnheiðar G. Guðmundsdóttur og Gestis Guðmundssonar (2017), þar sem rætt var við átta einstaklinga á aldrinum 25–30 ára sem sóttu fullorðinsfræðslu, bendir til þess að ungt fólk á Íslandi eigi erfitt með að hefja aftur nám á fullorðinsárum. Í rannsókninni kom í ljós að aðstæðu- og stofnanabundnar hindranir vógu mun þyngra en persónubundnar hindranir hjá viðmælendum og helsta hindrunin reyndist vera fjármögnun námsins samhliða framfærslu fjölskyldu, enda sjaldnast um lánshæft nám að ræða.

<sup>1</sup> Rannsóknin var styrkt af Lýðheilsusjóði, VIRK starfsendurhæfingarsjóði og Vísindasjóði Félagsráðgjafafélags Íslands.



Í nýlegum rannsóknum Norrænu velferðarstofnunarinnar meðal ungs fólks sem hvorki er í vinnu né námi og glímur við geðraskanir kemur fram að fólkið upplifir sig útskúfað og þar með jaðarsett (e. marginalized) í samfélaginu (Norden, 2016b). Mörg norrænu ungmennanna tala um að þessi útskúfun sé ekki í samræmi við vilja þeirra, heldur vegna þess að annað fólk og samfélagið sýni þeim skeytingarleysi. Norrænu viðmælendurnir gagnrýna þjónustuna, finnst of mikil áhersla lögð á skrifinnsku, að hún byggist á þörfum stofnananna en ekki notenda og nái því ekki til þeirra. Finnisk atvinnulaus ungmenni sem rætt var við óskuðu eftir jafningjastuðningi (e. expertise by experience) sem væri boðinn í samvinnu við fagaðila. Þau leggja til að þau sjálf, eða fólk í þeirra sporum, verði ráðin inn á vinnumiðlanir til að veita upplýsingar og stuðning. Íslensk, færeysk og norsk ungmenni ræddu einnig um mikilvægi stuðnings frá fjölskyldum sínum (Norden, 2016a, 2016c). Það er í samræmi við rannsókn Nalavany, Carawan og Sauber (2013), sem sýndi fram á mikilvægi fjölskyldustuðnings fyrir ungt fólk sem tekst á við hindranir eins og lesblindu. Norrænu ungmennin, meðal annars á Íslandi, benda jafnframt á að þau fái of litla þjónustu í geðheilbrigðiskerfinu, þar sem vandi þeirra sé ekki metinn nægjanlega mikill (e. not sufficiently ill) þrátt fyrir óvinnufærni af völdum geðraskana (Norden, 2016c). Í rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands (2016) um stöðu ungs fólks sem fær örorku eða endurhæfingarlífeyri, oftast vegna geðsjúkdóma, kemur einnig skýrt fram að unga fólkið hefði viljað fá endurhæfingu fyrr. Og norrænar rannsóknir sýna að þjónustuna þarf að móta út frá þörfum og vilja unga fólksins því „einungis þegar unga fólkinu líður vel, er hægt að ætlast til þátttöku í menntun og eða vinnu“ (Norden, 2016c, bls. 8).

Norræna þemaheftið „In focus“ var árið 2016 helgað stöðu ungs fólks með geðræna erfiðleika sem er hvorki í skóla né vinnu (Norden, 2016b). Þar var bent á að til að mæta óvirku, fátæku fólki sem á við geðræna erfiðleika að etja vegna aðstæðna sinna þurfi sveigjanleika og samráð ýmissa kerfa; menntakerfisins, heilbrigðiskerfisins og félagsþjónustunnar (Norden, 2016a; Olsen og Tägtström, 2013). Fyrsta skrefið í átt að sveigjanlegra kerfi væri lægri þröskuldur (e. low-threshold) og betra aðgengi að þjónustunni. Þá þurfi stofnanir að hafa samráð í stað þess að bíða eftir að einstaklingurinn leiti sjálfur á „réttan“ stað. Sveigjanleiki sé nauðsynlegur hvað varðar tímasetningu þjónustuúrræða, auk þess sem það hafi sýnt sig að ungt fólk mæti illa þegar biðtími er langur. Því þarf að stytta

biðtíma og koma á sveigjanlegum mætingatíma (e. drop-in office hours) (Norden, 2016b, 2016c). Þessar ábendingar um skort á samhæfingu og sveigjanleika eru ítrekaðar í nýlegri skýrslu Árna Páls Árnasonar (2018), „Þekking sem nýtist. Tillögur um aukið norrænt samstarf á sviði félagsmála“.

### Félagsráðgjöf á grundvelli styrkleikanálgunar og valdeffingar

Starf félagsráðgjafa er byggt á siðferðilegum gildum greinarinnar, þar sem grundvöllur félagsráðgjafa er „virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu“ (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Valdeflandi félagsráðgjöf styður einstaklinga til að öðlast aukið vald yfir lífi sínu og aðstæðum með velsæld þeirra að leiðarljósi (Payne, 2014). Félagsráðgjafar hafa frá upphafi lagt áherslu á styrkleika fólks og samfélagsleg bjargráð. Þar er byggt á aldalangri hefð fyrir áherslu á valdeffingu og styrkleikanálgun, sem má meðal annars lesa um í ritum frumkvöðla, svo sem Jane Addams og Bertu Reynolds (Healy, 2005; Knight, 2005). Þó urðu sérstakar styrkleikakenningar (e. strenghts perspective) ekki áberandi fyrr en upp úr 1980. Styrkleikakenningar eru nátengdar kenningum um valdeffingu, notendasamráð og seiglu fólks (Healy, 2005). Þær byggjast á því að „virkja styrkleika (hæfileika, þekkingu og getu) þess einstaklings sem unnið er með, til að hann nái markmiðum sínum og öðlist þannig aukin lífsgæði út frá eigin forsendum“ (Saleebey, 1997, bls. 4). Styrkleikakenningar lúta einnig að samfélaginu, þar sem það er manngert og því hægt að hafa áhrif á þróun þess (Knight, 2005).

Félagsráðgjafarnir og fræðimennirnir Saleebey (2000) og Healy (2005) segja að félagsráðgjöf sem byggð er á styrkleikakenningum einkennist af eftirfarandi, í lauslegri þýðingu Bjarkar Vilhelmsdóttur:

1. Að tileinka sér jákvæðni og bjartsýni, meðal annars með því að trúa hverjum einstaklingi og styðja getu hans; sýna viðhorfum hans og sýn á lausnir áhuga og virðingu; að hvetja til drauma, vona og framtíðarsýnar.
2. Að horfa fyrst og fremst til styrkleika, getu og bjarga einstaklings, fjölskyldu hans og samfélags.
3. Að vinna á jafningjagrundvelli með einstaklingi.
4. Að hafa langtíma valdeffingu að leiðarljósi.
5. Að breyta samfélaginu með þátttöku þeirra sem hafa hagsmuna að gæta





Á grundvelli styrkleikakenninga eru samtök starfandi um allan heim, þar sem fagfólk og notendur hafa breytt áherslum, viðhorfum og þjónustu. Hér á landi má til dæmis nefna Hlutverkasetur, Hugarafl, Kvennaathvarfið, SÁÁ, Stígamót og Öryrkjabandalag Íslands (Lára Björnsdóttir, Halldór S. Guðmundsson, Kristín Sigurvinsdóttir og Auður Axelsdóttir, 2011). Slíkt starf er unnið í samræmi við stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (2016a) þar sem lögð er áhersla á samvinnu fagfólks og notenda til að sporna gegn neikvæðum áhrifaþáttum á heilsu fólks. Helstu áhrifaþættirnir eru félagslegur ójöfnuður innan samfélaga og milli kynja, aðstæður á vinnumarkaði, fátækt, félagsleg útskúfun og aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Til marks um þetta ber ný lýðheilsustefna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem hefur það markmið að vinna gegn áhrifum neikvæðra áhrifaþátta, yfirskriftina: „Skiljum engan eftir“ (e. leave no one behind). Útfærsla stefnunnar byggist á því að koma auga á þá sem verða undir í hverju samfélagi (e. sub-populations), eins og NEET-hópin, og þær hindranir sem þeir mæta í samfélaginu. Þá er lögð áhersla á að skilgreina af hverju stofnanir samfélagsins mæta ekki þörfum þeirra og efla þverfaglegt samstarf stofnana (e. cross-sector collaboration) til að mæta fólki á grundvelli valdeflingar (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 2016b).

### Aðferð

Um var að ræða eigindlega rannsókn þar sem gagna var aflað með hálfopnum viðtölum sem voru hljóðrituð og afrituð orðrétt. Þá voru þau þemagreind og textinn marglesinn og kóðaður til að fá fram reynslu viðmælenda. Slík viðtöl þykja hentug gagnasöfnunaraðferð til að fá fram reynslu fólks (Braun og Clark, 2013). Við greiningu viðtalanna var enn fremur beitt Innov8-greiningartæki Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (2016b) til að varpa ljósi á framboð, aðgengi, fýsileika og gæði þjónustunnar sem boðið er upp á, en það eru þeir þættir sem ýta undir jaðarsetningu hópa sem verða undir í samfélaginu. Greiningartækið Innov8 var því notað til að greina viðtölin með tilliti til framangreindra þátta.

### Framkvæmd

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar í nóvember 2017 og skriflegt leyfi fékkst frá Vinnumálastofnun, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, VIRK Starfsendurhæfingarsjóði og Fjölsmiðjunni til að nálgast þátttakendur. Forstöðumenn þessara stofnana upplýstu

félags-, náms- og starfsráðgjafa um rannsóknina með kynningarbréfi Bjarkar Vilhelmsdóttur svo þeir gætu kynnt hana því fólki sem þeir ynnu með og uppfyllti skilyrði fyrir þátttöku. Ungu fólkið bauð sig síðan fram í rannsóknina. Allir þátttakendur skrifuðu undir upplýst samþykki. Stuðst var við viðtalsvísi sem var að meginstofni sá sami fyrir unga fólkið og fagaðila. Ungu fólkið var spurt sérstaklega um aðstæður þess og opnunarspurningin var í öllum tilfellum: „Nú ert þú atvinnulaus og hefur hætt í skóla. Hver er að þínu mati ástæðan fyrir því?“ Einnig var spurt; „Hefðir þú viljað fá eitthvað annað, önnur tilboð eða fá annars konar stuðning frá ráðgjöfunum sem þú hefur verið með?“

### Þátttakendur

Tekin voru viðtöl við 14 einstaklinga á tímabilinu janúar til apríl 2018. Níu þeirra voru hvorki í vinnu né skóla og búsettir á höfuðborgarsvæðinu, fimm konur og fjórir karlmenn, á aldrinum 19–25 ára. Fjórir þátttakendur sem höfðu verið atvinnulausir í meira en 12 mánuði óskuðu eftir þátttöku í gegnum Vinnumálastofnun. Fimm einstaklingar voru í starfsendurhæfingu á vegum VIRK, sóttu úrræði ætlað ungu fólki sem verið hefur óvirkt í lengri tíma og óskuðu þar eftir þátttöku. Þá voru einnig tekin viðtöl við fimm kvenkyns fagaðila, félags-, náms- og starfsráðgjafa sem vinna með ungu fólki. Þær voru á aldrinum 40–50 ára og eiga það sameiginlegt að hafa um eða yfir áratugarreynslu af vinnu með ungu fólki. Viðmælendur voru tveir félagsráðgjafar á tveimur af þjónustumiðstöðvum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og þrír náms- og starfsráðgjafar; annars vegar á Vinnumálastofnun og svo í einu af þeim úrræðum sem langtíma atvinnulaust ungt fólk sækir.

### Niðurstöður

Þátttakendur nefndu bæði félagslegar og persónulegar hindranir þegar þeir voru spurðir hvað hindraði ungt fólk utan vinnu og skóla í að nýta sér tilboð um vinnu, nám og virkniúrræði. Talsverður munur var á svörum ráðgjafa og unga fólksins. Ungu fólkið lagði fremur áherslu á persónulegar hindranir en félags-, náms- og starfsráðgjafar á félagslegar og fjárhagslegar hindranir. Þegar spurt var hvort unga fólkið fengi stuðning við hæfi töldu viðmælendur að talsvert skorti á að það sem í boði væri mætti þörfum unga fólksins.

### Félags- og fjárhagslegar hindranir

Félags-, náms- og starfsráðgjafar sem rætt var við töldu að félagslegar hindranir væru stærstar. Þeir benda á að það vanti aukinn stuðning, svo sem námsstyrki, styttri



námsbrautir sem veita réttindi á vinnumarkaði, stuðning inni á vinnustað, sveigjanlegri störf og hlutastörf. Félagsráðgjafi á þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar bendir á að það sitji ekki allir við sama borð hvað stuðning varðar:

Ég er kannski með manneskju hérna sem vill verða bifvélavirki og hann er kannski bara 18 ára. Hann á að taka sér námslán. En sá sem ætlar í stúdentsprófið, hann þarf ekki að taka sér námslán því hann getur fengið fjárhagsaðstoð.

Félagsráðgjafinn vísar hér til þess að þeir sem stefna á bóknað fá fjárhagsaðstoð til stúdentsprófs á meðan þeim sem velja iðnnám er vísað á námslánakerfið.

Ráðgjafarnir benda einnig á stofnanabundnar hindranir sem unga fólkið mætir. Náms- og starfsráðgjafi á Vinnumálastofnun bendir á að tíminn vinni gegn unga fólkinu, sem og mannekla sem kemur í veg fyrir aðgerðir í upphafi atvinnuleysis: „Við höfum ekki náð því að grípa þau um leið og þau koma, þetta er svo stór hópur. [...] Þau eru bara svo fljót að fara í þennan pakka, þú veist, þessi kvíði og félagsfælni.“

Nokkuð kom til umfjöllunar reglugerð um náms- samninga nr. 1224/2015 sem veitir ekki heimild til námssamninga fyrir meira en 75% námi fyrir en eftir 12 mánaða samfellt atvinnuleysi. Námssamningar þessir nýtast fyrst og fremst í grunnnámi til iðnmenntunar. Náms- og starfsráðgjafi benti á hve sá tímarammi hent- ar illa með tilliti til þess hvenær áhugahvötin er fyrir hendi:

Þetta er rosa erfitt einhvern veginn. Þegar maður er að fá þá sem eru mótiveraðir eða tilbúnir að fara í nám eru þeir kannski bara búnir að vera í tvo eða þrjá mánuði. Þá þarf bara að segja „því miður“ við þá. Svo er maður með hina sem eru búnir að vera í 12–20 mánuði. Þar eru einstaklingar sem maður þarf að hvetja, finna áhugahvötina hjá og svona. Þau tala um að þau hafi áhuga á þessu og hinu, en þau eru bara ekki tilbúnir, þau eru bara komin í of mikla lægð, sko. Það er orðið allt of seint að grípa inn í.

Þetta snýr ekki einungis að námssamningum, heldur einnig að námsframvindu. Náms- og starfsráðgjafi á Vinnumálastofnun segir: „Þau sem eiga bótarétt hjá Vinnumálastofnun, það er svo afmarkað hvað þau mega gera varðandi nám og bara mjög takmarkað mið- að við nokkrar einingar eða kvöldskóla eða fjarnám en það er akkúrat það sem hentar ekki þessum hópi.“

Unga fólkið benti líka á fjárhagslegar og félagslegar hindranir. Einn viðmælandi sem nefnir fjárhagslegar

hindranir segir: „Núna, þegar maður er kominn með áhuga og veit nokkurn veginn hvað maður vill gera, þá er það bara fjárhagslegi skorturinn.“ Annar viðmæ- landi segir: „Það hefur alltaf verið þannig allt mitt líf. Foreldrar mínir eru báðir ekki efnaðir og það hefur alltaf verið ákveðin hindrun, sko peningar.“ Ung kona segir frá því hvernig fátækt hennar hefur leitt til verri heilsu:

Ég vildi ekki vera of lengi frá vinnu upp á að missa tekjur þannig að ég fór alltof fljótt aftur í vinnu eftir slysið. Ég hefði þurft lengri tíma til að jafna mig. En af því að ég þurfti tekjurnar þá fór ég að vinna miklu fyrr en ég hefði annars gert og þar af leiðandi versnaði mér bara.

Segja má að bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla sé félagsleg hindrun fyrir þá sem ekki hafa hjargir til að greiða fyrir dagvistun, til dæmis hjá dagforeldri. Þetta bil nefndu bæði ráðgjafar og tvær ungar mæður. Náms- og starfsráðgjafi á Vinnumálastofnun segir „Við erum náttúrulega með stóran hóp af ungum mæðrum hér sem hafa ekki leikskólaláss eða dagmæður. Við verð- um minna varar við þetta með feður. Þetta virðist ekkert vera hindrun hjá þeim.“ Ungu mæðurnar áttu ekki annarra kosta vöð en að skrá sig atvinnulausar til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Í báðum tilfellum vildu þessar konur fara út á vinnumarkaðinn og fá stuðning til að koma börnum sínum í leikskóla. Í öðru tilfallinu var konan reiðubúin að hefja starf fengi hún forgang á leikskóla. Sú kona sagði, er hún var spurð af hverju hún væri ekki í vinnu:

Það er eiginlega að brúa bilið þarna á milli [fæðingar- orlofs og leikskóla]. Ég er á atvinnuleysisbótum en það má eiginlega ekki vera á atvinnuleysisbótum þegar barnið er ekki í leikskóla. Það er eiginlega ekkert ann- að sem ég get gert. Ég talaði við félagsráðgjafa og hún sagði að þetta væri bara það eina í stöðunni. Annars er bara langt síðan mig langaði að fara að vinna.

#### *Persónulegar hindranir*

Unga fólkið ræddi mikið eigin raskanir og kenndi þeim um stöðu sína. Viðmælandur voru ekki spurðir út í raskanir sínar en nefndu að eigin frumkvæði þung- lyndi, kvíða, félagskvíða, geðsjúkdóma, ADHD og áfallastreituröskun. Ungur maður segir: „Þegar maður er búinn að vera atvinnulaus svona lengi þá bara verður maður bara latari.“ Annar maður segir: „Morgunþung- lyndi. Ég vaknaði og vildi ekki fara neitt. Ég keyrði upp í skóla og sat í bílnum fyrir utan. Að gera ekkert.



[...] Horfði á hurðina. Gat ekki hugsað mér að fara þarna inn.“ Spurð út í ástæður óvirkinnar stendur ekki á svörum: „Aðallega bara kvíði,“ segir ung kona, og ungur maður: „Það er bara hversu lélega andlega stemmdur ég var.“

Annar félagsráðgjafi bendir á að vandi ungmennanna sé reynsluleysi og vandinn tengist einnig fjölskyldum þeirra: „Stór partur af því er að þau eiga oft ekki vinnusögu og það er ekki alveg inni í svona rútínunni eða vananum að vera í vinnu. Hafa jafnvel ekki haft fyrirmyndir sem hafa verið í vinnu.“

*Stuðningur og þjónusta*

Það kom skýrt fram í viðtölum við unga fólkið að það hefði mikinn athafnavilja. Þau vildu breyta aðstæðum sínum til hins betra og vera annaðhvort í vinnu eða námi. Átta af níu viðmælendum nefndu að þeir vildu vinna og fjórir vildu fara í nám. Einungis tveir gátu ekki hugsað sér að fara í nám. Eftirfarandi ummæli viðmælenda einkenna viðhorf þeirra: „Já, mig langar að fara að vinna um leið og ég get það. Það er leiðinlegt að vera svona heima.“ Annar sagði: „Bara reyna að komast í vinnu eða skóla. Að ná einhverri rútínu.“ Og ung móðir segir: „Ég finn það núna, eftir að hann fæddist, að mig langar virkilega að fara að vinna og læra eitthvað.“

Unga fólkið var einnig spurt hvort það hefði fengið þann stuðning sem það hefði þurft eða störf og/eða nám við hæfi. Einn viðmælandi, ung kvíðin kona, gagnrýndi skort á stuðningi er hún svaraði af hverju hún hætti ítrekað á vinnustöðum: „Bara lítið utanumhald fyrir nýja starfsmenn. Starfið ekki kynnt nógu vel, ekki skýrt hvað á að gera.“ Í framhaldinu nefndi hún að hún hefði viljað hafa einhvers konar tengil við Vinnu-málastofnun, og flest unga fólkið nefndi þörf á stuðningi þegar það tæki fyrstu skrefin út á vinnumarkaðinn. Unga fólkið kvartaði almennt ekki yfir takmörkuðu framboði á starfi við hæfi. Þó sögðu tveir viðmælendur að verslunarstörf væri það eina sem í boði væri og það gætu þeir ekki hugsað sér. Annar sagði:

Ég er bara búin að vera að sækja um á fullt af stöðum. Eina sem maður fær strax já við eru búðir og svona. Ég hef bara ekki áhuga á því að vinna í búðum. Búin með minn skerf af því, búin að gera það í fjögur ár.

Náms- og starfsráðgjafi bendir á að störfín sem í boði eru, oftast vinna á kassa í stærri verslunum, séu ekki í samræmi við þarfir þessa hóps, sem á oft við félagskvíða og þunglyndi að stríða:

Og þau, svona mörg hver, eru þannig stödd með sjálfa sig að það hentar þeim ekki að vera í afgreiðslu eða vera í samskiptum við einstaklinga. Oft er svoldið mikið af þannig störfum í boði. Margir vilja bara vinna við svona útkeyrslu, lagerstörf eða fá að vera svona að vinna vinnuna sína, ekki vera fronturinn. Þau eiga oft erfitt með það.

Félagsráðgjafi, sem hefur unnið í meira en áratug með ungu fólki sem fær fjárhagsaðstoð, benti á þetta varðandi framboð vinnumarkaðarins:

Ég hef aldrei hitt manneskju sem vill ekki fara að vinna. En það er ekki markaður fyrir svona mikinn fjölbreytileika á vinnumarkaðinum. [...] Síðan er annað sem mér finnst alveg ofboðslega stór partur og mjög mikilvægur, að það er mjög erfitt, sérstaklega fyrir karlmenn, að fá hlutastörf. [...] Þannig að svona venjuleg almenn störf, hlutastörf (ekki á börum) væru vel þegin.

Í framangreindum svörum má sjá að félags-, náms- og starfsráðgjafar benda á að störfín og námið sem í boði eru henta ekki þessu unga fólki nægilega vel. Það treystir sér oft ekki í störf sem krefjast mikilla samskipta, eða í fullt starf eftir langt tímabil utan vinnu og skóla.

Niðurstöður *Innov8*-greiningar eru samhljóða þemagreiningu viðtalanna, að framboð er ekki nægjanlegt á störfum við hæfi og aðgengi að námsstyrkjum og leikskólaplássum takmarkað. *Innov8* greinir ekki persónulegar hindranir, en ætla má út frá niðurstöðum greiningar á frásögnum unga fólksins að þörfum þess fyrir stuðning og meðferð vegna geðraskana sé ekki mætt með nægjanlega markvissum hætti og gæði þjónustunnar séu þannig takmörkuð.

**Umræða**

Unga fólkið sem rætt var við vill komast í vinnu eða í nám. Í viðtölunum ræddi unga fólkið um eigin geðraskanir og taldi þær vera ástæðuna fyrir stöðu sinni. Í viðtölunum má greina ákveðið valdleysi viðmælenda þar sem raskanirnar voru nokkuð sem þeir gátu ekki ráðið við. Unga fólkið kallar eftir að tekið sé mið af þörfum einstaklinga fyrir meðferð og stuðning vegna geðraskana eða fyrri áfalla til að tryggja að viðkomandi geti nýtt þau úrræði sem fyrir hendi eru. Þessar ábendingar eru samhljóða ábendingum Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar (Norden, 2016c) eftir ítarlegar rannsóknir meðal ungs fólks og fagaðila á Norðurlöndum árin 2015–2016, sem sýna að góð líðan er forsenda þess að ungt fólk geti tekið virkan þátt í vinnu og/eða námi.





Í viðtölum við félags- og náms- og starfsráðgjafa kom í ljós að þeir voru mun uppteknari en unga fólkid af félagslegum hindrunum sem þeir töldu koma í veg fyrir þátttöku unga fólksins í námi eða starfi. Ráðgjafarnir benda vissulega einnig á persónulegar hindranir þeirra sem þeir vinna með, það er ýmiss konar geðraskanir, en þeir töldu félagslegar hindranir stærstar. Þeir benda á að það vanti aukinn stuðning, svo sem námsstyrki, styttri námsbrautir sem veita réttindi á vinnumarkaði, stuðning inni á vinnustað, sveigjanlegri störf og hlutastörf. Allt eru þetta atriði sem einnig koma fram í tillögum Norrænu velferðarstofnunarinnar (Norden, 2016a) og atriði sem Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (2016b) kallar eftir að séu skoðuð þegar bæta á stöðu jaðarhópa.

Fagaðilarnir í þessari rannsókn benda einnig á að það þurfi að gera þjónustuna aðgengilegri, til dæmis með sveigjanlegri opunar- og viðtalstímum og með því að vinnumarkaðurinn bjóði upp á hlutastörf. Niðurstöður norrænu rannsókna sýna einnig að þegar ungt fólk hefur störf, nám eða þátttöku í virkniúræði þarf helst jafningja, sem er í samstarfi við og undir handleiðslu fagaðila, til að taka á móti viðkomandi og fylgja eftir svo taka megji á erfiðleikum um leið og þeir koma upp (Norden, 2016c). Það að ætla einstaklingum að aðlaga sig án stuðnings og takast á við það sem mætir þeim er ekki vænlegt til árangurs (Björk Vilhelmsdóttir, 2017). Niðurstöðurnar sýna hversu mikilvægt er að laga þjónustu og stuðning að einstaklingsbundnum þörfum ungs fólks. Það er í samræmi við niðurstöður rannsókna Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar þar sem lögð er áhersla á notendasamráð (Norden, 2016c). Félagsráðgjafar sem vinna með ungu fólki og leggja áherslu á valdeflingu og styrkleikanálgun ættu að leggja aukna áherslu á jafningjaþjónustu hér á landi, en hérlendis er sterk hefð fyrir samtökum og starfi notenda í velferðarþjónustu. Félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar sem vinna með ungu fólki þurfa þá að nýta sérfræðipækkingu sína til að efla þekkingu þeirra sem hafa áhuga á að sinna jafningjaráðgjöf. Þannig væri hægt að valdefla bæði þau sem veita jafningjaráðgjöfina og þau sem fá hana.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru áminning til félagsráðgjafa um að hin aldagamla hefð valdeflingar og notendasamráðs þar sem þjónusta er þróuð í samræmi við óskir og þarfir þeirra sem á þurfa að halda á við sem aldrei fyrr um þjónustu við ungt fólk utan vinnu og skóla.

## Heimildaskrá

- Albæk, K., Asplund, R., Barth, H., Lindahl, L., Simson, K. V. og Vanhala, P. (2015). *Youth unemployment and inactivity*. Kaupmannahöfn: TemaNord.
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin. (2016a). *Félagslegir áhrifaþættir á heilsu*. Sótt af [www.who.int/social\\_determinants/sdh\\_definition/en/](http://www.who.int/social_determinants/sdh_definition/en/)
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin. (2016b). *Innov8: The Innov8 approach for reviewing national health programmes to leave no one behind*. Sótt af [www.who.int/life-course/partners/innov8/innov8-technical-handbook/en](http://www.who.int/life-course/partners/innov8/innov8-technical-handbook/en)
- Árni Páll Árnason. (2018). *Þekking sem nýttist. Tillögur um aukid norrænt samstarf á sviði félagsmála*. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin.
- Björk Vilhelmsdóttir. (2017). *Ungt lesblint fólk utan skóla og vinnumarkaðar* (óútgefin meistaratgerð). Sótt af [www.hdl.handle.net/1946/26621](http://www.hdl.handle.net/1946/26621)
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research, a practical guide for beginners*. London: Sage.
- Elín Sif Welding Hákonardóttir, Sif Einarsdóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Gestur Guðmundsson. (2017). Aðgengi fullorðinna að námi á framhaldsskólastigi: Stofnana- og aðstæðubundnar hindranir á menntavegi. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 26(1–2), 65–86.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Sidareglur íslenskra félagsráðgjafa*. Sótt af [www.felagsradgjof.is/sidareglur-islenskra-felagsradgjafa/](http://www.felagsradgjof.is/sidareglur-islenskra-felagsradgjafa/)
- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2016). *Staða ungs fólks með örorku- eða endurhæfingarlífeyri*. Sótt af [www.velferdarraduneyti.is/media/skyrslur2016/Stada\\_ungsfolks\\_med\\_ororku\\_13.10.2016.pdf](http://www.velferdarraduneyti.is/media/skyrslur2016/Stada_ungsfolks_med_ororku_13.10.2016.pdf)
- Guðný Björk Eydal og Klara Valgerður Brynjólfssdóttir. (2015). Ungt fólk í kreppu: Atvinnu-, fjárhags- og félagsstaða. *Tímarit Félagsráðgjafa*, 9(1), 19–24. Sótt af [www.timarit-felagsradgjafa.is/article/view/1896](http://www.timarit-felagsradgjafa.is/article/view/1896)
- Hagstofa Íslands. (2014). *Meira brottfall af framhaldsskólastigi utan höfuðborgarsvæðisins*. Sótt af [www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/meira-brottfall-af-framhaldsskolestigi-utan-hofudborgarsvaedisins/](http://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/meira-brottfall-af-framhaldsskolestigi-utan-hofudborgarsvaedisins/)
- Halvorsen, B., Hansen, O. og Tägtström, J. (2013). *Young people on the edge (summary): Labour market inclusion of vulnerable youths*. Kaupmannahöfn: Norræna ráðherranefndin. Sótt af [www.diva-portal.org/smash/get/diva2:701199/FULLTEXT01.pdf](http://www.diva-portal.org/smash/get/diva2:701199/FULLTEXT01.pdf)
- Healy, K. (2005). *Social work theories in context*. New York: Palgrave MacMillan.
- Lára Björnsdóttir, Halldór S. Guðmundsson, Kristín Sigurveysindóttir og Auður Axelsdóttir. (2011). *Ný sjónarhorn og leiðir til battrar geðheilsu. Norrænt verkefni um valdeflingu í geðheilbrigðisþjónustu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands.
- Knight, L. W. (2005). *Citizen: Jane Addams and the struggle for democracy*. Chicago: The University of Chicago Press.



- Nalavany, B. A., Carawan, L. W. og Sauber, S. (2013). Adults with dyslexia, an invisible disability: The mediational role of concealment on perceived family support and self-esteem. *British Journal of Social Work*, 45(2), 568–586. doi:10.1093/bjsw/bct152
- Norden. (2016a). *Creating participation for youth with mental health problems*. Stokkhólmur: Nordic Centre for Welfare and Social Issues. Sótt af [www.nordicwelfare.org/nb/publikationer/creating-participation-for-youth-with-mental-health-problems-no/](http://www.nordicwelfare.org/nb/publikationer/creating-participation-for-youth-with-mental-health-problems-no/)
- Norden. (2016b). *In focus: Mental health among young people*. Stokkhólmur: Nordic Centre for Welfare and Social Issues. Sótt af [www.nordicwelfare.org/nb/publikationer/in-focus-mental-health-among-young-people/](http://www.nordicwelfare.org/nb/publikationer/in-focus-mental-health-among-young-people/)
- Norden. (2016c). *Relationship between young people and welfare services*. Helsinki: Nordic Centre for Welfare and Social Issues. Sótt af [www.nordicwelfare.org/nb/publikationer/relationship-between-young-people-and-welfare-services-no/](http://www.nordicwelfare.org/nb/publikationer/relationship-between-young-people-and-welfare-services-no/)
- OECD. (2016). *Youth not in employment, education or training (NEET)*. doi:10.1787/72d1033a-en
- Olafsson, J. og Wadensjö, E. (2012). *Youth, education and labour market in the Nordic countries: Similar but not the same*. Stokkhólmur: Friedrich Ebert Stiftung. Sótt af [www.youthpolicy.org/wp-content/uploads/library/2012\\_Youth\\_Education\\_Labour\\_Market\\_Nordic\\_Eng1.pdf](http://www.youthpolicy.org/wp-content/uploads/library/2012_Youth_Education_Labour_Market_Nordic_Eng1.pdf)
- Olsen, T. og Tägtström, J. (2013). Introduction. Í T. Olsen og J. Tägtström (ritstj.), *For that which grows: Mental health, disability pensions and youth in the Nordic countries* (bls. 81–102). Sótt af [www.nordicwelfare.org/en/publikationer/for-that-which-grows/](http://www.nordicwelfare.org/en/publikationer/for-that-which-grows/)
- Payne, M. (2014). *Modern social work theory: A critical introduction* (4. útgáfa). Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Saleebey, D. (ritstj.). (1997). *The strengths perspective in social work practice* (2. útgáfa). New York: Longman.
- Saleebey, D. (2000). Power in the people: Strengths and hope. *Advances in Social Work*, 1(2), 127–136. Sótt af [www.journals.iupui.edu/index.php/advancesinsocialwork/article/view/18/14](http://www.journals.iupui.edu/index.php/advancesinsocialwork/article/view/18/14)
- Scarpetta, S. og Sonnet, A. (2012). Challenges facing European labour markets: Is a skill upgrade the appropriate instrument? *Intereconomics*, 47(1), 4–30. doi:10.1007/s10272-012-0402-2
- Sigrún Harðardóttir. (2015). *Líðan framhaldsskólanemenda: Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands.